

Breytingartillögur

við frv. til l. um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Í stað orðanna „að sjóði“ í 6. tölul. 2. gr. komi: í sjóði.
2. Orðin „og hljóði á nafn“ í 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. falli brott.
3. Við síðari málslið 2. mgr. 25. gr. bætist: sbr. þó 4. mgr. 23. gr.
4. Í stað orðanna „skal ekki koma“ í 26. gr. komi: kemur ekki.
5. Í stað orðanna „tap af samningnum getur numið meira en 5% af eignum sjóðsins“ í 1. másl. 2. mgr. 35. gr. komi: mótaðilaáhætta af samningnum nemur meira en 5% af eignum sjóðsins.
6. Í stað orðanna „að fjárfestingarsjóði“ í 1. másl. 1. mgr. 52. gr. komi: í fjárfestingarsjóði.
7. Við 54. gr. bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo: Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða án tillits til 3. tölul. 30. gr. Þó má heildarfjárfesting fjárfestingarsjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.
8. Við 62. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
Hlutabréfasjóði er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðsins.
9. Við 63. gr.
 - a. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
Ákvæði V.–IX. kafla laga um verðbréfaviðskipti gilda um hlutabréfasjóði.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfaviðskipti.*
10. 6. tölul. 1. mgr. 69. gr. orðist svo: markaðssetningu verðbréfasjóða hér á landi með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (1. mgr. 43. gr.).
11. Í stað orðanna „um sameiginlega fjárfestingu til almennings sem“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III komi: sem veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar og.